



YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Nú er liðinn rúmur mánuður síðan gengið var til Alþingiskosninga. Ríkisstjórn landsins missti þá meirihluta sinn á þingi og þaðst lausnar. Í kjölfarið kallaði ég á minn fund leiðtoga eða fulltrúa þeirra flokka sem eiga sæti á Alþingi. Á grundvelli kosningaúrslitanna og upplýsinga, sem fram komu á þeim fundum, afhenti ég formanni Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssyni, umboð til stjórnarmyndunar. Viðræður undir forystu hans skiluðu ekki árangri. Formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Katrín Jakobsdóttir, tók þá við stjórnarmyndunarumboði en aftur leiddu viðræður ekki til farsællar niðurstöðu.

Þegar Katrín skilaði umboði til stjórnarmyndunar í síðustu viku lá ekki skýrt fyrir hver skyldi taka við því. Ég ákvað að bíða um stund með að stíga það skref, með hliðsjón af því að línur myndu hugsanlega skýrast án þess að einn stjórnmálaleiðtogi hefði umboðið á hendi. Fyrir slíkri ákvörðun eru ýmis fordæmi, má til dæmis nefna gang stjórnarmyndunarviðræðna árin 1987, 1983 og 1978.

Raunin varð sú að formenn Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs ræddu saman um möguleika á myndun ríkisstjórnar þessara tveggja flokka með aðild þriðja stjórnmálaflokksins eða fleiri flokka. Upp úr þeim viðræðum slitnaði en nánast um leið lýstu fulltrúar Bjartrar framtíðar, Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar þeim vilja sínum að ræða á ný myndun stjórnar þeirra flokka og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Fyrr í dag kallaði ég leiðtoga eða fulltrúa allra stjórnmálaflokka á þingi til fundar, leitaði áhlits þeirra á möguleikum til stjórnarmyndunar og því hver skyldi næst leiða hugsanlegar viðræður um myndun ríkisstjórnar. Í framhaldinu boðaði ég Birgittu Jónsdóttur, þingflokksformann Pírata, á minn fund og fól henni umboð til stjórnarmyndunar.

Í þessum stjórnarmyndunarviðræðum hef ég ávallt leyft mér að vera bjartsýnn án þess að nokkuð hafi verið fast í hendi um myndun stjórnar. Þannig er mér enn innanbrjósts. Sem fyrr hvet ég fulltrúa stjórnmálaflokkanna til að gera sér fulla grein fyrir þeirri ábyrgð sem þeim er lögð á herðar, að sjá til þess að í landinu verði ríkisstjórn sem meirihluti Alþingis sættir sig við.

Ég vænti þess að fá upplýsingar strax upp úr helgi um gang væntanlegra stjórnarmyndunarviðræðna. Þótt talsverður tími hafi nú liðið frá kosningum og ekki megí slá slöku við er engin þörf á óðagoti.

2. desember 2016